

1997 nr. 138 23. desember**Lög um húsaleigubætur****■ 1. gr. Markmið laganna.**

□ Markmið laganna er að lækka húsnæðiskostnað tekjulágra leigjenda og draga úr aðstöðumun á húsnæðismarkaðnum.

■ 2. gr. Húsaleigubætur.

□ Aðstoð samkvæmt lögum þessum er í formi greiðslna til leigjenda sem nefnast húsaleigubætur.

□ Sveitarfélög skulu greiða húsaleigubætur og annast félagsmálanefndir sveitarfélaga að jafnaði afgreiðslu umsókna.

■ 3. gr. Greiðsla ríkis til sveitarfélaga vegna húsaleigubóta.

□ Ríkissjóður greiðir árlega 280 millj. kr. í Jöfnunarsjóð sveitarfélaga sem renna til sveitarfélaga vegna greiðslna húsaleigubóta. Fjárhæð þessi miðast við verðlag í janúar 1998 og breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs.

■ 4. gr. Almenn til rétt til húsaleigubóta.

□ Þeir leigjendur eiga rétt á húsaleigubótum sem leigja íbúðarhúsnæði til búsetu og eiga þar lögheimili.

□ Dveljist maður hérlendis við nám utan þess sveitarfélags þar sem hann átti lögheimili er námið hófst og á þar skráð aðsetur getur viðkomandi átt rétt til húsaleigubóta þrátt fyrir skilyrði 1. mgr. um lögheimili í leiguíbúð. Umsókn um bætur skal send því sveitarfélagi þar sem námsmaður á lögheimili óháð aðsetri.

□ Það er skilyrði húsaleigubóta að húsaleigusamningur um viðkomandi húsnæði sé til sex mánaða eða lengri tíma og að honum hafi verið þinglýst.

□ Um frekari skilyrði fyrir bótarétti og greiðslu bótanna fer samkvæmt nánari fyrirmælum þessara laga.

■ 5. gr. Meginreglur um rétt til húsaleigubóta.

□ Húsaleigubætur skulu ákvarðaðar og reiknaðar út miðað við ákveðinn grunn sem miðast við ákveðna fjárhæð fyrir hverja íbúð og hvert barn á framfæri umsækjanda að teknu tilliti til leigufjárhæðar, eigna og tekna.

□ Bætur vegna barna greiðast frá næsta mánuði eftir fæðingu barns eða lögheimilisskráningu og þar til ungmenni nær 18 ára aldri eða flytur.

□ Félagsmálaráðherra setur, að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, ákvæði í reglugerð¹⁾ um útreikning og fjárhæð bóta, þar á meðal um grunnfjárhæðir bóta.

□ Sveitarstjórn skal taka ákvörðun fyrir 1. nóvember ár hvert um fjárhæðir húsaleigubóta á næsta ári sem geta verið hærri en grunnfjárhæðir, sbr. 3. mgr. Sveitarstjórn skal fyrir 1. nóvember ár hvert auglýsa með tryggilegum hætti ákvörðun sína um fjárhæðir húsaleigubóta og tilkynna þá ákvörðun til félagsmálaráðuneytisins.

¹⁾ Rg. 4/1999.

■ 6. gr. Atriði sem girða fyrir rétt til húsaleigubóta.

□ Réttur til húsaleigubóta er ekki fyrir hendi:

1. ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum er skyldmenni leigusala í beinan legg eða kjörbarn, fósturbarn, systkini, barn þeirra eða tengdaforeldri,

2. ef umsækjandi eða einhver sem býr í húsnæðinu með honum nýtur réttar til vaxtabóta,

3. ef leigusamningur er til skemmri tíma en sex mánaða.

■ 7 gr. Íbúðarhúsnæði.

□ Húsaleigubætur koma aðeins til álita vegna leigu á íbúðarhúsnæði.

□ Með íbúðarhúsnæði í lögum þessum er átt við venjulega og fullnægjandi heimilisaðstöðu og eru lágmarksskilyrði a.m.k.

eitt svefnherbergi ásamt sérelldhúsi eða eldunaraðstöðu og sérsnyrtingu og baðaðstöðu.

□ Húsaleigubætur greiðast ekki vegna leigu á einstaklingsherbergjum eða ef eldhús eða snyrting er sameiginleg fleirum.

□ Þá greiðast bætur ekki þegar húsnæði til annarra nota en íbúðar er leigt til íbúðar að öllu leyti eða hluta.

■ 8. gr. Leigufjárhæð.

□ Leigufjárhæð samkvæmt lögum þessum er hin beina greiðsla fyrir leiguafnot af húsnæði. Aðrar greiðslur og aðrir kostnaðarliðir, sem leigjanda ber að greiða samkvæmt samningi eða lögum, svo sem fyrir hita, vatn, rafmagn, rekstur, hússjóðsgjöld o.fl., teljast samkvæmt því ekki til leigufjárhæðar í skilningi laga þessara.

□ Ef leigjandi gefur upp leigufjárhæð, sem er verulega hærri en markaðsleiga fyrir sambærilegt leiguhúsnæði í viðkomandi sveitarfélagi eða þykir óeðlileg að öðru leyti eða ef um er að ræða íburðarmikið og óhóflegt húsnæði, er sveitarfélagi heimilt að færa niður viðmiðunarleigu sem því nemur eða til þess sem eðlilegt þykir.

□ Leigufjárhæð íbúða félagsamtaka, sem lögð er til grundvallar útreikningi bóta, skal aldrei vera hærri en viðmið Húsnæðisstofnunar ríkisins um leigu félagslegra íbúða.

■ 9. gr. Tekjur og eignir.

□ Með tekjum í lögum þessum er átt við allar tekjur skv. II. kafla laga nr. 75/1981, um tekjuskatt og eignarskatt, með áorðnum breytingum. Reikna skal samanlagðar tekjur allra þeirra sem lögheimili eiga eða hafa skráð eða fast aðsetur í viðkomandi leiguhúsnæði og eru þá tekjur barna umsækjenda sem eru 20 ára og eldri meðtaldar. Þó eru hér undanskildar tekjur barna umsækjenda sem stunda skólanám í sex mánuði eða lengur á árinu.

□ Bætur almannatrygginga og húsaleigubætur fyrra árs teljast ekki til tekna skv. 1. mgr.

□ Ef samanlagðar eignir þeirra er 1. mgr. tilgreinir að frádragnum skuldum með vísan til 73. og 76. gr. laga nr. 75/1981 fara yfir þrjár milljónir króna, miðað við vísitölu neysliverðs, skulu 25% þeirrar fjárhæðar sem umfram er bætast við þær tekjur sem liggja til grundvallar ákvörðun um fjárhæðir húsaleigubóta. Hámarksfjárhæð samkvæmt þessari málsgrein breytist 1. janúar ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölu neysliverðs miðað við grunnvísitölu. Félagsmálaráðherra skal láta reikna út og birta¹⁾ nýjar fjárhæðir samkvæmt ákvæði þessu.

¹⁾ Rg. 4/1999.

■ 10. gr. Umsókn um húsaleigubætur.

□ Umsókn um húsaleigubætur skal skilað til viðkomandi sveitarfélags sem annast afgreiðslu og útborgun bóta.

□ Sækja skal um húsaleigubætur fyrir hvert almanaksár og gildir umsóknin til ársloka.

□ Umsókn um húsaleigubætur skal hafa borist eigi síðar en 15 dögum fyrir fyrsta dag greiðslumánaðar.

□ Félagsmálanefnd sveitarfélagsins ákvarðar að jafnaði um bótarétt. Umsókn um húsaleigubætur skal vera skrifleg og á sérstöku þar til gerðu eyðublaði og skal beina henni til þess sveitarfélags þar sem viðkomandi leiguhúsnæði er.

□ Umsækjandi skal gefa allar þær upplýsingar sem krafist er á umsóknareyðublaði og nauðsynlegar eru að öðru leyti til að staðreyna megi bótarétt hans.

□ Sveitarfélög skulu veita allar upplýsingar um skilyrði húsaleigubóta og útreikning þeirra og önnur atriði sem máli kunna að skipta og veita umsækjendum nauðsynlegar leiðbeiningar og aðstoð við gerð og frágang umsókna.

□ Um málsmeðferð einstakra mála er vísað til XVI. kafla laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

■ **11. gr.** *Fylgigögn með umsókn.*

□ Umsókn skulu fylgja eftirtalin gögn:

1. leigusamningur, gerður á staðfest samningseyðublað, undirritaður af báðum aðilum og þinglýstur,

2. ljósrit af skattframtölum þeirra sem lögheimili eiga í íbúðinni fyrir síðasta ár, staðfest af skattstjóra,

3. launaseðlar þeirra sömu og getið er í 2. tölul. og barna, sbr. 1. mgr. 9. gr., fyrir þrjá síðustu mánuði,

4. önnur þau gögn sem tiltekin eru í reglugerð eða eðli máls, aðstæður og atvik kunna að kalla á.

■ **12. gr.** *Ófullnægjandi umsókn og upplýsingar.*

□ Sé umsókn ófullnægjandi eða henni fylgja ekki nauðsynleg gögn, sbr. 10. og 11. gr., eða umsækjandi gefur að öðru leyti ekki nauðsynlegar upplýsingar og skýringar, skal umsækjanda gerð grein fyrir því sem ábótavant er og honum gefinn kostur á að bæta úr því innan tveggja mánaða. Sinni hann þeim tilmælum ekki kemur umsókn hans ekki til álita eða frekari meðferðar.

■ **13. gr.** *Greiðsla húsaleigubóta.*

□ Húsaleigubætur koma til greiðslu frá og með næsta mánuði eftir að réttur til bóta hefur verið staðreyndur.

□ Bæturnar greiðast til leigjanda (umsækjanda) en þó er heimilt að greiða þær til leigusala samkvæmt sérstakri skriflegri beiðni leigjanda.

□ Bæturnar greiðast mánaðarlega fyrir síðastliðinn mánuð með einni greiðslu, eigi síðar en fimmta dag hvers mánaðar. Samningar aðila um fyrirframgreiðslu á leigu breyta engu hér um.

□ Húsaleigubætur greiðast aðeins á grundvelli eins húsaleigusamnings um sömu íbúð fyrir sama tímabil.

□ Húsaleigubætur greiðast ekki mánaðarlega sé útreiknuð fjárhæð þeirra undir ákveðnu marki sem ráðherra ákveður með reglugerð.¹⁾ Uppgjör greiðist í þeim tilvikum einu sinni á ári.

¹⁾ Rg. 4/1999.

■ **14. gr.** *Upplýsingaskylda leigjanda.*

□ Bótaþegi skal tilkynna viðkomandi sveitarfélagi þegar í stað um hverjar þær breytingar á högum sínum og heimilis- aðstæðum og öðrum þeim atriðum sem áhrif geta haft á rétt hans til húsaleigubóta og á bótafjárhæð.

■ **15. gr.** *Brottfall réttar til húsaleigubóta.*

□ Réttur til húsaleigubóta fellur niður ef skilyrðum laga þessara er ekki lengur fullnægt.

□ Við flutning leigjanda úr leiguhúsnæði fellur niður réttur hans til húsaleigubóta. Brottfall réttinda miðast við flutningsdag.

□ Við andlát leigjanda fellur réttur til húsaleigubóta niður. Brottfall réttinda miðast við lok andlátsmánaðar.

□ Við framsal leiguréttar, framleigu eða hvers kyns framlán fellur réttur til bóta niður að hluta eða öllu leyti.

□ Félagsmálanefnd sveitarfélags er heimilt að fella niður greiðslur bóta, stöðva bótagreiðslur eða greiða bætur beint til leigusala, og þá með samþykki leigjanda, ef nefndin fær vitneskju um veruleg leiguvanskil leigjanda.

□ Sama á við ef leigjandi vanrækir upplýsinga- og tilkynningarskyldu sína skv. 14. gr. eða hefur að öðru leyti gefið rangar eða villandi upplýsingar sem máli skipta og þýðingu hafa um bótarétt hans.

■ **16. gr.** *Málskot.*

□ Telji leigjandi (umsækjandi) á rétt sinn hallað af hálfu félagsmálanefndar við framkvæmd laga þessara, svo sem við ákvörðun um bótarétt, fjárhæð bóta, niðurfellingu þeirra eða önnur atriði sem þýðingu hafa fyrir hann, getur hann skotið viðkomandi ákvörðun eða afgreiðslu til úrskurðarnefndar félagsþjónustu. Um málsmeðferð fer þá samkvæmt ákvæðum XVII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

■ **17. gr.** *Viðurlög og endurgreiðsla.*

□ Brot á lögum þessum varða sektum nema þvingri refsing liggja við samkvæmt öðrum lögum.

□ Hafi bótaþegi ranglega fengið bætur eða þær verið of háar eða fyrir of langt tímabil eða á einhvern hátt fengið hærri greiðslur en honum bar skal hann endurgreiða þá fjárhæð sem ofgreidd var með 15% álagi.

□ Endurgreiða skal ofgreiddar bætur hvort sem um mistök var að ræða hjá sveitarfélagi eða ofgreitt var á grundvelli rangra eða villandi upplýsinga bótaþega, hvort sem hann var í góðri trú eða ekki.

□ Sveitarfélag skal þó fella álag niður ef ofgreitt var vegna mistaka hjá sveitarfélagi og telja má vist að bótaþegi hafi verið í góðri trú.

□ Úrskurðir úrskurðarnefndar félagsþjónustu um kröfu sveitarfélags á hendur bótaþega skv. 2. mgr. eru aðfararhæfir.

■ **18. gr.** *Skuldajöfnuður.*

□ Komi í ljós að bótaþegi hafi fengið of háar bætur er sveitarfélagi heimilt að beina yfirlýsingu til þess aðila sem sér um innheimtu fyrir ríkissjóð um skuldajöfnun við inneign bótaþega hjá ríkinu vegna endurgreiðslna barnabóta, barnabótaauka og vaxtabóta samkvæmt lögum nr. 75/1981 að því leyti sem greiðslur þessar koma til útborgunar, þó þannig að áður hafi verið dregin frá öll þinggjöld og sveitarsjóðsgjöld í samræmi við áðurgreind lög. Hið sama á við um inneign bótaþega vegna endurgreiðslna skatta við álagningu eftir að samanburður á álagningarskrá og staðgreiðsluskrá hefur farið fram samkvæmt lögum nr. 45/1987, með áorðnum breytingum.

□ Komi sveitarfélag fram með yfirlýsingu um skuldajöfnuð skv. 1. mgr. er innheimtumanni ríkissjóðs skylt að verða við þeirri kröfu.

□ Áður en skuldajafnaðaryfirlýsingu er beitt skal sveitarstjórn tilkynna bótaþega um hana og gefa honum tækifæri á að koma að andmælum sínum. Tilkynning skal fylgja skuldajafnaðaryfirlýsingu til innheimtumanns ríkissjóðs.

■ **19. gr.** *Húsnæðismál sveitarfélaga.*

□ Lög þessi breyta á engan hátt þeirri ábyrgð er á sveitarfélögum hvílir varðandi húsnæðismál samkvæmt ákvæðum annarra laga, sbr. einkum XII. kafla laga nr. 40/1991, um félagsþjónustu sveitarfélaga.

■ **20. gr.** *Kynning laganna.*

□ Félagsmálaráðuneytið annast kynningu á lögum þessum og reglugerðum settum samkvæmt þeim. Kostnaður vegna þessa greiðist úr ríkissjóði. Ráðherra getur falið öðrum aðilum þessa kynningu samkvæmt nánari ákvæðum í reglugerð.

■ **21. gr.** *Reglugerðarheimild.*

□ Félagsmálaráðherra setur með reglugerð,¹⁾ að höfðu samráði við Samband íslenskra sveitarfélaga, nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara, þar á meðal um umsókn um húsaleigubætur og um framkvæmd, útreikning og greiðslu húsa-

leigubóta, auk ákvæða um upplýsingagjöf sveitarfélaga til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga og um úthlutun úr sjóðnum.

¹⁾ Rg. 4/1999.

■ **22. gr. Gildistaka.**

□ Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 1998. . . .

Ákvæði til bráðabirgða.

■ **I.** Sveitarfélögum er heimilt að fresta því að taka upp greiðslur húsaleigubóta að því er snertir leiguíbúðir í eigu ríkissjóðs, sveitarfélags eða fyrirtækis sveitarfélags, að undanskildum almennum kaupleiguíbúðum sveitarfélaga sem leigðar eru út, enda sé það nauðsynlegt vegna gildandi samninga um slíkar íbúðir. Uptaka húsaleigubóta vegna þessara

íbúða miðast þá við að nógildandi húsaleigusamningi hafi verið sagt upp eða hann runnið út og nýr samningur tekið við. Ákvæði þetta fellur úr gildi 1. janúar 2000.

■ **II.** Á árinu 1998 skulu sveitarfélög greiða grunnfjárhæðir bóta, sbr. 3. mgr. 5. gr., og gildir ákvæði 4. mgr. 5. gr. um ákvörðun sveitarfélags um bæt看ur því fyrst um ákvörðun fjárhæða húsaleigubóta fyrir árið 1999.

■ **III.** Ákvæði 3. mgr. 13. gr., um að sveitarfélög skuli greiða húsaleigubætur mánaðarlega fyrir síðastliðinn mánuð, öðlast fyrst gildi 1. janúar 1999 fyrir sveitarfélög sem hafa greitt húsaleigubætur fyrir fram fyrir næstkomandi mánuð.